

Fundargerð 109. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn þann 19. september 2016, kl. 12:00 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir:

Sigurður Kári Kristjánsson,

Sigrún Árnadóttir,

Fjóla Hrund Björnsdóttir

Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri,

Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm.frkvstj. sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. *Fundargerð síðasta fundar*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Sala eigna - staða*

a. Íslenskar fasteignir

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn stöðu mála varðandi kauptilboð frá Íslenskum fasteignum.

b. Bogatröð 15

Framkvæmdastjóri fór yfir tilboð í eignina að Bogatröð 15 frá Sea Safari. Stjórn samþykkti tilboð Sea Safari í Bogatröð 15.

c. Bogatröð 4

Framkvæmdastjóri fór yfir tilboð í eignina Bogatröð 4 frá Stracta Travel sem var með forkaupsrétt á eigninni.

Stjórn samþykkti tilboð StractaTtravel í Bogatröð 4.

3. *Keilir húsnæðismál*

Stjórn fjallaði um húsnæðismál Keilis. Stjórn fól framkvæmdastjóra að ræða við Keili um útfærslu á lausn vegna skuld félagsins við ÞK vegna kaupa á Grænásbraut 910 í samræmi við umræðu stjórnar undir þessum lið. Framkvæmdastjóra var einnig falið að ræða við eiganda sinn, fjármála- og efnahagsráðuneytið, um þessa lausn ef samþykki um hana fæst hjá stjórn Keilis.

4. *Tillögur að framtíðarskipan*

Stjórnarformaður fór yfir tillögur að framtíðarskipan félagsins sem sendar hafa verið fjármálaráðherra. Umræður.

Stjórn ákvað að fresta málinu til næsta stjórnarfundar.




5. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd undir önnur mál.

Næsti stjórnarfundur áætlaður í október nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.25


Sigrún Arnadóttir
Hjola hund Björnslóttir.